

Ár 1991, miðvikudaginn 9. janúar, var í málínu nr. 6/1990 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svo hljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 15. nóvember 1990, óskaði bæjarstjórinn í Egilsstaðakaupstað eftir úrskurði nefndarinnar um það, hvort Rafmagnsveitum ríkisins væri skytt að svara fasteignaskatti af einbýlishúsi í Egilsstaðakaupstað, sem Rafmagnsveiturnar eiga þar, en þær hafa afhent rafveitustjóra til afnota.


Í bréfinu segir bæjarstjórinn m.a.: "Pegar ný lög um tekjustofna sveitarfélaga tóku gildi um síðustu áramót ákvæð bæjarstjórn Egilsstaða að láta reyna á það hvort undanþáguákvæði 5. greinar þeirra væru tæmandi og lagði fasteignaskatta á eiganda þessarar eignar eins og aðra fasteignaeigendur í bæjarfélagini."


Yfirlasteighamatsnefnd sendi Rafmagnsveitum ríkisins kæru þessa til umsagnar með bréfi dags. 23. nóvember 1990. Svar hefur ekki borist. Hins vegar mótmæltu Rafmagnsveitur ríkisins álagningunni við bæjarstjórn Egilsstaðakaupstaðar og vitnuðu til 77. gr. orkulaga nr. 58/1967. Sjónarmið beggja aðila liggja því 1jós fyrir.

Pann 1. janúar 1990 tóku gildi ný lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989. Í greinargerð með þeim lögum koma fram þau sjónarmið, að fækka skuli undanþágum frá greiðslu fasteignaskatta frá því, sem áður var og að lítið skuli á fasteignaskatt sem þjónustugjald til sveitarfélaga, en ekki eignarskatt. En á meðan 77. gr. laga nr. 58/1967 er óbreytt er ekki grundvöllur fyrir að taka framangreinda kæru til greina. Sér lög ganga fyrir almennum lögum.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Rafmagnsveitum ríkisins er ekki skytt að svara fasteignaskatti af íbúðarhúsnæði því, sem rafveitustjóri hefur afnot af að Koltröð 21 í Egilsstaðakaupstað.


Árni Stefánsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon